

Tilmæli 10/2023  
Tillaga A 1956/UKK  
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 10/2023 um norræna nefnd um starfsmenntun

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 10/2023 varðandi þingmannatillögu um norræna nefnd um starfsmenntun sé *endanlega afgreidd* af hálfu ráðsins.

### Forsendur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún stofni norræna nefnd um starfsmenntun

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Aðgengi að vinnuafli með rétta fagmenntun skiptir ekki aðeins sköpum með tilliti til grænna umskipta, viðnámsþróttar og samkeppnishæfni heldur einnig til þess að halda uppi starfhæfum velferðar- og heilbrigðiskerfum á Norðurlöndum. Ekki síst er það forsenda þess að uppfylla framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar til ársins 2030 um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Norræna ráðherranefndin er því sammála lýsingu Norðurlandaráðs á þeim áskorunum sem fram undan eru varðandi skort á fagmenntuðu vinnuafli á Norðurlöndum og er jákvæð gagnvart tillögu um að safna saman viðeigandi aðilum og hagsmunaaðilum á Norðurlöndum.

Starfsmenntun og vinnan við að tryggja inngildandi og árangursrík umskipti er nú þegar ofarlega á dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna ráðherranefndin styður ýmis verkefni sem nálgast þessi úrlausnarefni með mismunandi hætti. Einkum ber að nefna verkefnið „Að tryggja starfsmenntun á Norðurlöndum til framtíðar 2023–2025“. Samtöl við ungt fólk eiga þar að leiða í ljós hvað það er sem skiptir máli þegar kemur að vali ungs fólks á námi. Einnig er það tilgangur verkefnisins að byggja upp þekkingargrunn um færni fyrir græn umskipti með dæmum og námsheimsóknum fyrir stjórnvöld og fagfólk. Um er að ræða verkefni sem gott væri að nýta frekar í tengslum við norrænan samstarfsvettvang fyrir fagmenntun. Einnig hefur Norræna



ráðherranefndin á undanförunum árum beint sjónum sínum að atvinnulífi framtíðarinnar, þar á meðal þeim breytingum sem reiknað er með að þurfi að verða á vinnuafli á Norðurlöndum vegna hinna stafrænu og grænu umskipta.

Ný verkefni á tímabilinu 2025–2030 verða innan ramma nýrrar samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Búist er við því að áhersla verði á hæfnijafnvægi og umskipti vinnuaflsins, einkum í tengslum við græn umskipti, sem og inngildinguna í menntun og atvinnulífi.

Unnar verða starfsáætlanir undir samstarfsáætluninni með beinum aðgerðum í tengslum við pólitískar áherslur. Norræna ráðherranefndin sér fyrir sér að stofnun norræns samstarfsvettvangs fyrir fagmenntun gæti verið ein af slíkum beinum aðgerðum.

Norræna ráðherranefndin telur þó nauðsynlegt að skilgreina skýra ramma, umboð og samsetningu áður en tekin er ákvörðun um stofnun samstarfsvettvangs. Slíkan samstarfsvettvang ætti í fyrsta lagi að stofna að afloknu eins til tveggja ára tilraunaverkefni. Hægt væri að fjármagna tilraunaverkefnið með norrænu fé og aðkomu allra norrænu landanna auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja. Endanleg ákvörðun um hugsanlega stofnun samstarfsvettvangs yrði tekin á grundvelli árangursins af tilraunaverkefninu.

Að því gefnu að norrænn samstarfsvettvangur verði stofnaður styður Norræna ráðherranefndin þá hugmynd að fulltrúar atvinnurekenda, launafólks, fyrirtækja og ungs fólks komi að honum auk menntageirans. Vettvangurinn gæti þá veitt Norrænu ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) ráðgjöf ásamt því að svara til fleiri ráðherranefnda, svo sem Norrænu ráðherranefndinnar um vinnumál (MR-A). Að mati Norrænu ráðherranefndarinnar skiptir sköpum að tryggt sé að ESB-samstarfið á sviði fagmenntunar komi einnig að slíkum samstarfsvettvangi, meðal annars Advisory Committee on Vocational Training (ACVT).

Norrænn samstarfsvettvangur ætti fyrst og fremst að stuðla að þróun nýskapandi verkefna og auðvelda miðlun og innleiðingu tillagna og lausna frá norrænum vettvangi til landanna. Norræna ráðherranefndin telur jafnframt að gott væri að ræða tillögur skýrslunnar „Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum“ á þessum samstarfsvettvangi með það fyrir augum að meta og forgangsraða verkefnum, ásamt mörgum af tillögnum í tilmælum 26/23 Atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum.

*Norræna ráðherranefndin telur sig hér með að hluta til hafa orðið við tilmælunum.*



## Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar jákvætt svar við tilmælum 10/230 um *norræna nefnd um starfsmenntun*. Það er ánægjulegt að Norræna ráðherranefndin deili þeirri skoðun nefndarinnar að skortur og þörf á fagmenntuðu vinnuafli sé áskorun sem nauðsynlegt sé að leysa til þess að norræn samfélög séu í stakk búin til að takast á við grænu umskiptin og til þess að við getum viðhaldið og þróað félagsleg velferðarkerfi okkar. Einnig er ánægjulegt að ráðherranefndin skuli vísa til skýrslu Norðurlandaráðs, *Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum*, auk tilmælanna um atvinnuleysi á Norðurlöndum og að vert sé að ræða á hugsanlegum samstarfsvettvangi þær tillögur að lausnum sem þar eru settar fram.

Nefndin er sammála því að áður en norræn nefnd eða samstarfsvettvangur er settur á fót sé nauðsynlegt að skilgreina ramma, umboð og samsetningu. Nefndin er einnig sammála því að það myndi borga sig að vinna tilraunaverkefni til þess að skoða hvort norrænn samstarfsvettvangur skili norrænu notagildi á þessu sviði.

Nefndin er einnig sammála því að samstarfsvettvangurinn eigi fyrst og fremst að styðja við þróun nýskapandi lausna og miðla þeim til landanna. Samstarfsvettvangur af þessu tagi gæti verið skólabókardæmi um norrænt samstarf og notagildi. Það er jafnframt von nefndarinnar að MR-U geti aflað meðfjármögnunar á verkefninu, til dæmis frá MR-A og MR-NER, þar sem þetta er gott dæmi um þverfaglegt málefni.

Nefndin vill koma á framfæri eindreginni ósk og von um að tilraunaverkefnið verði að veruleika og hlakkar til frekara samráðs, einkum við ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 10/2023 varðandi *norræna nefnd um starfsmenntun* sé *endanlega afgreidd* af hálfu ráðsins.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

Doris J. Jensen (S)  
Lars Mejern Larsson (S)  
May Britt Lagesen (A)  
Per Husted (S)  
Pinja Perholehto (sd)  
Líneik Anna Sævarsdóttir (Frfl)  
Jeppe Søre (M)  
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)

Marko Kilpi (saml)  
Noora Fagerström (saml)  
Ville Väyrynen (saml)  
Veronika Honkasalo (vänst)  
Freddy André Øvstegård (SV)  
Joakim Vigelius (saf)  
Victoria Tiblom (SD)  
Silje Hjemdal (FrP)